

Fundur TKÍ

Fundur stjórnar 2. des 2014, fundur settur kl. 17.15

Mættir: Örn, Eduardo, Kolbrún, Margrét. María boðaði forföll rétt áður en fundur byrjaði vegna veikinda barna.

Dagskrá

1. Svartbeltispróf 18. okt. 2014.

Rætt um svartbeltispróf sem fram fór 18. október og þær breytingar sem gerðar voru á forprófinu. Málið er leyst og ákveðið að gera ekkert meir í málinu að okkar hálfu. Skjal með beltakröfum mun koma á heimasíðu TKÍ við fyrsta tækifæri. Mikilvægt er að stjórnarmaður TKÍ sé viðstaddur bæði forpróf og aðalpróf.

2. Íslandsmót í poomsea.

Setja þarf niður reglur sem munu gilda á poomsea mótum, boða þarf á formanna- og þjálfarafund til að ræða og kjósa um þessi mál.

3. Greiðsla vegna mótahalda.

Vegna mikils kostnaðar vegna móta munu verða breytingar á greiðslum vegna móta. Hver deild fær ákveðna upphæð til að halda mót og skaffar starfsfólk, með aðstoð frá öðrum deildum, í ákveðnar stöður. Deildin fær svo aðra upphæð til að greiða poomsedómurum, bardagastjórum, mótanefnd, hornadómurum og tölvufólki ákveðna upphæð á dag fyrir sína vinnu. Skilyrði fyrir greiðslu er að hafa setið dómaranámskeið og verða með 4 geup eða 15 ára. Á bikarmótum eldri og Íslandsmótum þurfa stafsmenn að vera 15 ára, hvert tilvik fyrir sig skoðað. Á barnamótum mega yngri dómarar spreyta sig.

4. Mótanefnd segir af sér

Mótanefnd hefur ákveðið að segja af sér vegna stöðugra gagnrýnisradda með störf þeirra. Stjórn TKÍ skorar á mótanefnd að halda áfram því hún hefur staðið sig vel.

5. Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða er ágæt, flestar útistandandi skuldir hafa skilað sér.

6. Auglýsingar, uppbygging taekwondo á landsvísu.

Stjórn TKÍ þarf að fara í auglýsingaherferð til að fjölga iðkendum í taekwondo. Nokkrar hugmyndir ræddar og ákveðið að leita eftir tilboðum í auglýsingaspjöld.

7. Lög TKÍ þurfa endurskoðun.

Endurskoða þarf lög TKÍ fyrir næsta ársþing, 25. febrúar 2015 og samræma við lög ÍSí. Örn ætlar að kíkja á þetta.

8. Ungir og efnilegir jólaæfing.

Síðasta æfingin sem Meisam stjórnar hjá U&E verður 6. desember n.k. Langar okkur að gera aðeins meira til að kveðja hann. Iðkendur mæta með jólahúfu og fá smá jólagjöf frá TKÍ. Síðan verður Meisami afhend hópmynd af iðkendum áritað af þeim.

9. Styrkjaumsókn.

Stjórn TKÍ hefur borist nokkrar umsóknir um styrki. Stjórn Aftureldingar óskar eftir úbreiðslustyrki til að styðja við útbreiðslu taekwondo á Kjalarnesi. Stjórn TKÍ er jákvæð varðandi þessa umsókn en óskar eftir frekari gögnum áður en ákvörðun er tekin um styrkveitingu.

Björn Þorleifur hefur óskað eftir styrk til að sækja G-mót til að safna stigum fyrir HM í Rússlandi 2015 og Ólympíuleikunum í Ríó 2016. Stjórn TKÍ hefur sótt um afreksstyrk til ÍSí fyrir Björn Þorleif og er tilbúið að styrkja hann á einhver mót en það verður ákveðið í hvert skipti fyrir sig og þegar búið er að skila inn reikningum sem tengjast þeim mótum.

Karel Bergmann óskar eftir akstursstyrk á landsliðsæfingar. Ákveðið að styrkja Karel Bergmann um bensínstyrk vegna sérstakra aðstæðna.

10. Meisam að hætta sem landsliðsþjálfari.

Stjórn TKÍ mun senda út tilkynning um að Meisam landsliðsþjálfari sé að láta af störfum sem landsliðsþjálfari.

11. Ráðning nýs landsliðsþjálfara í sparring.

Ákveðið að auglýsa eftir nýjum landsliðsþjálfara í sparring. Umsóknarfrestur mun renna út 31. desember og verður nýr landsliðsþjálfari ráðinn frá og með 1. febrúar.

12. Önnur mál

Boðsbréf hefur borist til okkar vegna Norðurlandamóts í Noregi í lok febrúar. Keppnisgjöld eru 40 euro fyrir eina keppnisgrein og 90 euro fyrir tvær greinar eða fleiri. TKÍ mun greiða keppnisgjöld fyrir landsliðsmenn en að öðru leyti munu keppendur greiða sjálfir. TKÍ mun greiða fyrir þjálfara til að fara með keppendum.

Rætt um val á taekwondokonu og taekwondomanni ársins. Formaður hafði óskað eftir umsögnum og tillögum frá þjálfurum um þá koma til greina. Kolbrún yfirgaf fundinn á meðan rætt var um taekwondokonu ársins.

Fundi slitið kl. 22.15

Fundargerð ritaði Margrét Sigurvinsdóttir